

Föstudaginn 9. júní 1995.

Nr. 197/1995.

**Timbur og stál hf.**

(Bjarni Ásgeirsson hrl.)

gegn

**Lífeyrissjóði Dagsbrúnar og Framsóknar**

Kærumál. Ómerking. Heimvísun. Dómarar.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 30. maí 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 8. júní sl. Kæruheimild er í 3. mgr. 95. gr. laga nr. 90/1989 um aðför, sbr. 102. gr. laga nr. 92/1991. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness, upp kveðinn 18. maí 1995, er varðar ágreining um gildi fjárnáms, sem sýslumaðurinn í Kópavogi gerði hjá sóknaraðila að kröfu varnaraðila 12. desember 1994. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og málinu vísað að nýju til löglegrar meðferðar Héraðsdóms Reykjaness. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Hinn kærði úrskurður var kveðinn upp af Benedikt Bogasyni, fulltrúa við Héraðsdóm Reykjaness. Í dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 18. maí 1995, í málinu nr. 103/1994 var komist að þeirri niðurstöðu, „að staða dómarafulltrúa, eins og henni er nú fyrir komið, uppfylli ekki grunnreglur stjórnarskrár um sjálfstæði dómsvaldsins, . . .“. Verður að telja þetta eiga jafnt við um einkamál sem opinber mál. Með vísan til þess verður ekki hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi og alla meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness og vísa málinu heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Rétt þykir, að hvor aðili beri sinn málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

## D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir Héraðsdómi Reykjaness. Er málinu vísað heim í hérað til nýrrar meðferðar.

Málskostnaður í héraði og kærumálskostnaður fellur niður.

---